

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skaftárhreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag og umhverfisskýrsla fyrir urðunarsvæði á Stjórnarsandi.

Skipulagssvæðið er 4,7 ha spilda úr landi Breiðabólstaðar, norðaustan við þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri. Aðkoma frá Þjóðvegi 1 er um athafna- og iðnaðarsvæði við Iðjuvelli. Svæðið er ætlað fyrir urðun á byggingarúrgangi, ösku frá sorpokustöð, seyru og sláturúrgangi frá bleikjueldi og bændum. Einnig er gert ráð fyrir móttöku á brotajárni, geymslu á garðaúrgangi og timburkurlun til endurvinnslu. Gert er ráð fyrir urðun á allt að 200 tonnum á ári. Gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir þjónustuhús.

Samþykkt í sveitarstjórn 14. júní 2011.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 30. júní 2011.

Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 8. júlí 2011